

Breiðagerðisskóli

Ytra mat



Apríl 2016

Ritun skýrslu:

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hrund Logadóttir

Nanna Kristín Christiansen

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Dröfn Rafnsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Sara Björk Ólafsdóttir

Inngangur	5
Breiðagerðisskóli	6
Stefna skólans	6
Árangur og líðan nemenda – yfirlit	6
Samantekt – Greining á skólastarfi í Breiðagerðisskóla	8
STJÓRNUN - SAMANTEKT	10
Fagleg forysta	10
Stefnumótun og skipulag	12
Samskipti heimila og skóla	13
NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT	14
Nám og námsaðstæður	14
Þátttaka og ábyrgð nemenda	16
Skóli án aðgreiningar	17
Vettvangsheimsóknir í breiðagerðisskóla	18
Breiðagerðisskóli – Yfirlit.....	21

Myndir:

Mynd 1: Vinna í 32 kennslustundum, einstaklingsvinna eða samvinna.....	19
Mynd 2: Voru markmið kennslustundarinnar kynnt fyrir nemendum?	20

Töflur:

Tafla 1: Niðurstöður samræmdra könnunarpróf í Breiðagerðisskóla árin 2009-2015.....	7
Tafla 2: Niðurstöður Lesskimunar og Talnalykils í Breiðagerðisskóla árin 2005-2015.	7
Tafla 3: Kennsluaðferðir notaðar í 32 kennslustundum í Breiðagerðisskóla.....	18
Tafla 4: Val á verkefnum í 32 kennslustundum í Breiðagerðisskóla.....	18
Tafla 5: Val á útfærslu í 32 kennslustundum í Breiðagerðisskóla.	19
Tafla 6: Mat á 32 kennslustundum í Breiðagerðisskóla.	19

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats á námi í Breiðagerðisskóla sem fór fram í febrúar 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfraeði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofu grunnskóla og frístundastarfs og mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Breiðagerðisskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2015-2016. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans. Kannanir voru einnig lagðar fyrir nemendur í 6. og 7. bekk, starfsmenn og foreldra. Í könnun foreldra var svarhlutfallið 52%, hjá starfsmönnum var svarhlutfallið 43% og hjá nemendum 92%.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess er að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni *mat á skólastarfi*:

http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Skýrsla gerð um ytra mat í Breiðagerðisskóla.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólahluta á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólastjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til grunnskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði.

Frekari eftirfylgni:

- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

BREIÐAGERÐISSKÓLI

Breiðagerðisskóli hóf starfsemi sína árið 1956 í því skólahúsnæði sem hann er starfræktur í og haustið 2005 var viðbótarbygging tekin í notkun.

Leiðarljós Breiðagerðisskóla eru: Menntun – Samvinna – Velliðan

Skólastjóri er Þorkell Daníel Jónasson og aðstoðarskólastjóri er Guðlaug Ólafsdóttir. Í Breiðagerðisskóla voru 369 nemendur í 1.-7. bekk þann 1. október 2015. Skólaárið 2015-2016 störfuðu 54 starfsmenn í 48 stöðugildum í skólanum, þar af kennarar í 31 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 7,7 nemendur á hvert stöðugildi sem er sama og meðaltal í borginni í heild (7,7).¹ Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru 11,9 nemandi á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (12,9).²

STEFNA SKÓLANS

Stefna Breiðagerðisskóla birtist á heimasíðu í starfsáætlun skólans sem kölluð er Boðberi. Stefnan byggir á menntastefnu sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla (2011) og á stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Í Breiðagerðisskóla er lítið á hvern árgang sem eina heild. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám þeirra. Lögð er áhersla á að vinna með nemendum að góðum og jákvæðum samskiptum til að skapa jákvæðan skólabrag. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn í stefnu skólans að því er fram kemur í Boðbera.

Í Boðbera kemur jafnframt fram að stefna skólans sé að byggja kennslufræðilegan grunn fyrir einstaklingsmiðað nám. Stefna skólans er að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir, leggja áherslu á skapandi vinnu og hafa aukið vægi list- og verkgreina í náminu.

ÁRANGUR OG LÍÐAN NEMENDA – YFIRLIT

Árið 2015 var niðurstaða 4. bekkjar í Breiðagerðisskóla yfir landsmeðaltali (30,0 stig) og meðaltal skóla í Reykjavík (31,0 stig) með 34,72 stig í íslensku. Í stærðfræði var Breiðagerðisskóli einnig yfir viðmiðunarhópum með 35,77 stig þegar landsmeðaltal var (30,0 stig) og meðaltali skóla í Reykjavík (30,76 stig).

Í 7. bekk var niðurstaða nemenda í Breiðagerðisskóla 2015 undir landsmeðaltali (30,0 stig) og meðaltali skóla í Reykjavík (30,67 stig) með 27,73 stig í íslensku og í stærðfræði var niðurstaða einnig undir landsmeðaltali (30,0 stig) og meðaltali skóla í Reykjavík (30,35 stig), eða 27,06 stig.

Árangur nemenda í Breiðagerðisskóla í samræmdum prófum hækkaði því í íslensku og stærðfræði í 4. bekk milli ára 2014-2015 en lækkaði í íslensku og stærðfræði í 7. bekk.

Árin 2009-2014 voru nemendur fjórum sinnum fyrir ofan landsmeðaltal og tvisvar sinnum undir (árið 2012 og 2014) í íslensku í 4. bekk en fimm sinnum fyrir ofan landsmeðaltal og einu sinni undir (árið

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

² Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

2012) í stærðfræði í 4. bekk. Í 7. bekk var árangur Breiðagerðisskóla árin 2009-2014 hins vegar yfir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði árin 2009-2014.

Tafla 1: Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í Breiðagerðisskóla árin 2009-2015.

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl.							
	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
4. bekkur							
Íslenska	32,6	36,5	33	28,7	34,1	26,2	34,7
Reykjavík	31,3	31,2	30,4	30,5	31	30,5	31
Stærðfræði	31,1	33,4	36,2	30,0	33,5	31,5	35,8
Reykjavík	30,4	30,5	29,7	29,9	30,7	30,3	30,8
7. bekkur							
Íslenska	35,5	32,4	34,5	31,5	34,4	32,8	27,7
Reykjavík	31,3	30,8	30,8	30,6	30,8	31,3	30,7
Stærðfræði	35,9	33,7	38,2	31,3	34,6	33	27,1
Reykjavík	31,0	30,4	30,9	30,5	30,7	31,4	30,35

Hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt lesskimun í 2. bekk í Breiðagerðisskóla hefur verið um eða yfir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu ár. Árið 2015 gátu 62% nemenda sem tóku þátt, lesið sér til gagns (í Reykjavík 64%) og árið 2014 voru það 76% nemenda (í Reykjavík 66%).

Hlutfall nemenda sem eingöngu þurftu að fara í gegnum 1. þrep í stærðfræðiskimun í Talnalykli var töluvert yfir meðaltali skóla í Reykjavík árin 2013 og 2014 og árangur því mjög góður. Árin á undan voru niðurstöður Talnalykils í Breiðagerðisskóla undir meðaltali skóla í Reykjavík og Breiðagerðisskóli tók ekki þátt árið 2015.

Tafla 2: Niðurstöður Lesskimunar og Talnalykils í Breiðagerðisskóla árin 2005-2015.

Lesskimun og Talnalykill											
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Lesskimun 2. bekkur											
Hlutfall sem les sér til gagns	77%	65%	65%	67%	74%	75%	66%	77%	61%	76%	62%
Reykjavík	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%	63%	66%	64%
Talnalykill 3. bekkur											
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta		56%	69%	53%	80%	70%	58%	52%	91%	94%	Tók ekki þátt
Reykjavík		69%	68%	66%	69%	72%	74%	76%	75%	73%	71%

Vefkerfið Skólapúlsinn miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugt aðgang að nýjum upplýsingum um þætti sem tengjast virkni og líðan nemenda í 6.-og 7. bekk. Könnunin gefur góðar vísbendingar um þróun mála og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins. Í könnun Skólapúlsins 2016 kom fram að nemendur í Breiðagerðisskóla mælast undir landsmeðaltali á sjálfsáliti, 4,9 í Breiðagerðisskóla en landsmeðaltal er 5,1. Það þýðir að Breiðagerðisskóli er undir meðaltali skóla í Reykjavík og neðstur yngri barna skóla, nemendur í 1. -7. bekk). Velliðan mældist 4,9 í Breiðagerðisskóla en 5,0 að landsmeðaltali, sem þýðir að Breiðagerðisskóli er þriðji lægsti af skólum Reykjavíkur í þeim þætti. Nemendur í Breiðagerðisskóla mældust hins vegar tölfræðilega marktækt hærrí en viðmiðunarhópurinn þegar þeir voru spurðir um trú á eigin námsgetu, í Breiðagerðisskóla var niðurstaðan 5,5 stig en landið var 5.1 stig.

STYRKLEIKAR

Í Breiðagerðisskóla er góður starfsandi og skólabragur. Starfsmannahópurinn er jákvæður og notalegur andi er í skólanum. Samvinna er mikil innan árganga og ánægja er með það fyrirkomulag. Náíð samstarf er milli umsjónarkennara hvers árgangs og áhersla er á að kennarar þekki alla nemendur í sínum árgangi og geti komið að þeirra málum.

Stjórnunarteymi skólans ber ábyrgð á faglegru forystu skólans, vinnur náíð saman og skiptir með sér verkum. Þátttakendur í starfsmannakönnun sögðu að skólanum væri vel stjórnað og kennarar í rýnihópi tóku undir það. Starfsþróunarsamtöl eru árleg og kennarar telja auðvelt að leita til stjórnenda til að fá upplýsingar eða ráð.

Vinna að endurskoðun skólanámskrár og aðlögun að nýrri aðalnámskrá er komin vel á veg en lengst í námsmatshlutanum. Námsvísar fyrir skólaárið 2015-2016 eru birtir á heimasíðu sem árganganámskrár fyrir alla bekk, efnisþættir eru tilgreindir auk meginmarkmiða og leiðir að þeim. Áætlanir hvernar námsgreinar eru birtar í Mentor en þar eru hæfniviðmið tilgreind með vel útfærðum matskvörðum og eru aðgengilegar nemendum og foreldrum. Unnið er að innra mati í skólanum, umbótaáætlun er nýtt til að þróa skólastarfið áfram og nokkur þróunarverkefni eru í gangi í skólanum. Vönduð jafnréttisáætlun hefur verið gerð og símenntunaráætlun með helstu áherslum í símenntun starfsfólks skólaárið 2015-2016 liggur fyrir. Forvarnaráætlun skólans er aðgengileg og unnið er eftir Olweusaráætlun gegn einelti. Birtar hafa verið vandaðar áætlanir um móttöku nemenda með sérþarfir og móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Af rýnihópum og könnunum má ráða að lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið. Skólaráð fundar reglulega og greinagóðar upplýsingar eru um það á heimasíðu. Virkt foreldrafélag er starfandi við skólann og stjórnendur funda með stjórn þess einu sinni á ári. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði, þeir kjósa í stjórn nemendafélagsins og fá leiðbeiningar hjá námsráðgjafa um hlutverk sitt áður en þeir taka sæti í stjórninni og skólaráði. Nemendur í stjórn nemendafélagsins telja áhrif nemenda í skólaráði vera mikil, þeir geti rætt það sem þeir vilja og á þá sé hlustað í ráðinu. Í nemendakönnun kom fram að nemendur voru almennt mjög ánægðir með skólann sinn og kennarana og á vettvangi sást að samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Árangur nemenda í Breiðagerðisskóla árin 2009-2015 í samræmdum prófum hefur oftast verið yfir landsmeðtali og hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt lesskimun í 2. bekk í Breiðagerðisskóla hefur verið um eða yfir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu ár. Hlutfall nemenda sem eingöngu þurftu að fara í gegnum 1. þrep í stærðfræðiskimun í Talnalykli var töluvert yfir meðaltali skóla í Reykjavík árin 2013 og 2014 en Breiðagerðisskóli tók ekki þátt í Talnalykli árið 2015. Í könnun Skólapúlansins 2016 mælast nemendur í Breiðagerðisskóla tölfraðilega marktækt hærrí en viðmiðunarhópurinn þegar þeir voru spurðir um *trú á eigin námsgetu*. Í vettvangsskoðun voru 78% kennslustunda metnar góðar eða frábærar. Námsumhverfi og aðbúnaður styður almennt vel við nám, þarfir nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Samstarf við leik-, grunn- og tónlistarskóla í grenndinni er almennt gott.

Nám nemenda sem þurfa sérstakan stuðning er skipulagt með einstaklingsnámskrám. Heildarmarkmiðum skólaársins, ásamt leiðum að þeim, eru gerð góð skil í einstaklingsnámskrám og þær eru bornar undir foreldra. Samvinna kennara og starfsfólks í sérkennslu byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku um útfærslur og lausnir fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Vinna ætti markvisst með gildi skólans og skólareglur og gera sýnilegar í skólanum. Birta ætti skólanámskrá og starfsáætlun í tveimur skjölum og gera grein fyrir hvernig grunnþættirnir sex birtast í almennu skólastarfi og á einstökum námssviðum.

Skóladagur nemenda er samfelldur og heildar tímafjöldi er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá en gagnlegt væri að birta í starfsáætlun tímafjöldi einstakra greina til að tryggja samræmi við viðmiðunarstundaskrá og til upplýsinga fyrir foreldra um hvernig fyrirkomulagið á skiptingunni er. Ekkert mælir gegn því að námsgreinar séu teknar fyrir á mismunandi tímum og samþættar öðrum greinum.

Leita ætti markvisst eftir skoðunum og hugmyndum nemenda og foreldra og hvetja starfsmenn markvisst til símenntunar.

Vinna þarf áfram að því að bæta nám og kennslu með aukinni áherslu á fjölbreytta kennsluhætti í gegnum samþætt og heildstæð verkefni, raunhæf verkefni tengd daglegu lífi, markvissa samvinnu og umræður og ígrundun nemenda. Þjálfar ætti nemendur markvisst í að setja sér markmið í námi og vinna að þeim og birta ætti námsmatsviðmið og matskvarða fyrir hvern árgang og innleiða og kynna fyrir nemendum og foreldrum.

Tækifæri liggja í því að vekja meiri athygli á fjölbreyttu skólastarfi og þátttöku einstaklinga í keppnum innan sem utan skólans. Mikil tækifæri liggja í því að efla upplýsinga- og samskiptatækni í námi nemenda.

Námsumhverfi og aðbúnaður styður almennt vel við nám í Breiðagerðisskóla. Brýnt er að aðskilja smíða- og textílrymi, sem nú eru í sameiginlegu rymi, þar sem smíðar og textílvinna eiga illa samleið vegna hávaða frá tækjum og rykmengunar.

Móta þarf sameiginlega sýn um stefnu skólans um skólasamfélag án aðgreiningar með öllum hagsmunaaðilum skólans undir forystu stjórnenda. Vinna þarf heildaráætlun Breiðagerðisskóla um skipulag sérstaks stuðnings í samvinnu við starfsfólk í sérkennslu og gera skýra grein fyrir heildarskipulagi, framkvæmd og ábyrgð einstakra aðila. Í einstaklingsnámskrám ætti að skrá hver áhugamál nemenda eru, auk væntinga og áherslna foreldra. Tengsl við bekkjarnámskrá eða aðalnámskrá ættu einnig að koma fram til að draga fram samhengið milli markmiða, leiða, náms- og kennsluaðferða og einkenna og þarfa nemandans.

Skrá ætti hvernig brugðist er við niðurstöðum kannana og skimana.

Mikilvægt er hafa upplýsingar um skólann á fleiri tungumálum en íslensku á heimasíðu til að tryggja að foreldrar og börn með annað móðurmál en íslensku fái góða kynningu á skólastarfinu. Í skólanum eru mörg börn af erlendum uppruna og mikilvægt er að koma til móts við þau. Sjónrænt skipulag ætti t.a.m. að vera á öllum stigum skólans til að koma til móts við margbreytilegan hóp nemenda.

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, þar sem byrjað er á stjórnun, því næst fjallað um nám og kennslu.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: *Faglega forystu, stefnumótun og skipulag, og samstarf heimila og skóla.*

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Breiðagerðisskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

FAGLEG FORYSTA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI, STJÓRNUN STOFNUNAR, FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN

STYRKLEIKAR:

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsfólk og foreldra og kennarar eru almennt mjög ánægðir með stjórnendur skólans og finnst gott að leita til þeirra. Stjórnendur leggja áherslu á að vekja athygli á verkefnum og hrósa því sem vel er gert í skólanum á kennarafundum og kennarar segjast fá hrós og endurgjöf á störf sín frá stjórnendum. Stefna, skólanámskrá og starfsáætlun eru birt á heimasíðu skólans og reglulega er fylgst með hvernig gangi að framfylga stefnunni með innra mati. Stjórnendur vinna vel saman og skipta með sér verkum. Starfsþróunarsamtöl eru árlega og almenn ánægja er með þau.

Ferill um móttöku nýrra starfsmanna er birtur í Boðbera (starfsáætlun og skólanámskrá 2015-2016) og handbækur með upplýsingum fyrir kennara og starfsmenn eru aðgengilegar á sameign. Vönduð jafnréttisáætlun sem nær bæði til starfsfólks og nemenda liggur fyrir. Skólinn er rekinn fyrir það fjármagn sem honum er úthlutað.

Stjórnendur boða reglulega til kennarafunda, stigsfunda og starfsmannafunda og fundaráætlun er lögð fyrir í upphafi annar. Dagskrá funda er kynnt og fundargerðir vistaðar á sameign. Náíð samstarf er milli kennara í árgangi um nám og kennslu og samskipti innan kennarahópsins eru jákvæð og einkennast af trausti. Mjög gott samstarf er við tónlistarskóla og skólahljómsveit um tónlistarnám nemenda á skólatíma.

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðum úr innra mati og niðurstöðurnar eru nýttar til skólaþróunar. Kennarar taka þátt í fjölbreyttum þróunarverkefnum og vilji er til skólaþróunar. Skólinn er í samstarfi við háskóla og aðra aðila um þróunarverkefni. Vönduð símenntunaráætlun liggur fyrir þar sem fram koma helstu áherslur varðandi símenntun starfsfólks skólaárið 2015-2016.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Æskilegt væri að gera gildi skólans sýnilegri í daglegu starfi, vinna markvisst með þau og kynna þau fyrir nemendum, starfsfólki og foreldrum.

Gera þarf skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum og gera þarf starfslýsingar fyrir stjórnendur og alla starfsmenn. Gera þarf áætlun um viðbrögð við einelti og áreitni í starfsmannahópnum og móta þarf verklagsreglur um upplýsingagjöf um nemendur.

³ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

Efla ætti nemendalýðræði enn frekar og leita markvisst eftir skoðunum þeirra og foreldra á skólastarfinu. Birta mætti áætlun um samstarf við leikskóla á heimasíðu.

Huga mætti að því að bjóða upp á meiri fræðslu fyrir almenna starfsmenn og hvetja kennara markvisst til símenntunar.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSKRÁ, SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

STYRKLEIKAR

Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans undir heitinu Boðberi 2015-2016 og þar eru allar helstu upplýsingar um skólstarfið. Árganganámskrár fyrir hvern bekk eru birtar á heimasíðu.

Boðberi Breiðagerðisskóla er í stöðugri endurskoðun með virkri þátttöku starfsfólks og foreldra og nemenda í gegnum skólaráð. Stjórnendur hafa kynnt stefnu Breiðagerðisskóla á skólaráðsfundum og kennarafundum og endurskoðun skólanámskrár og aðlögun að nýrri aðalnámskrá er komin vel á veg. Nemendur og foreldrar hafa aðgang að vel útfærðum áætlunum fyrir hverja námsgrein þar sem markmið og viðmið um árangur eru skilgreind.

Skóladagur nemenda er samfelldur og heildar tímafjöldi er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Í skólanámskrá kemur fram að sveigjanleiki viðmiðunarstundarskrár er nýttur þannig að á yngsta stigi er 2.-4. bekk blandað saman í hringekjutímum. Samvinna og teymisvinna í kennarahópnum er mikil innan árganga og mikil ánægja með það og nemendur eiga kost á að stunda tónlistanám á skólatíma og í beinu framhaldi af skóladeginum.

Búið er að skilgreina hvað felst í góðum skólabrag og móta leiðir til að viðhalda honum. Skólareglur eru í Boðbera og kennarar fara yfir reglurnar með nemendum á hverju ári. Skólareglurnar eru sanngjarnar að mati nemenda í rýnihópum. Áætlun um viðbrögð við einelti liggur fyrir og nemendur vita hvernig á að bregðast við ef upp kemur einelti í nemendahópnum. Rýmingaráætlun hangir upp í skólastofum.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Birta ætti skólanámskrá og starfsáætlun sem heildstæð skjöl eða undir tveimur yfirheitum á heimasíðu og gagnlegt væri að birta matskvarða og viðmið fyrir hvern árgang á heimasíðu. Tækifæri liggja í því að móta markvissari stefnu í því hvernig grunnþættirnir sex birtast í almennu skólstarfi og á einstökum námssviðum.

Skóladagur nemenda er samfelldur og heildar tímafjöldi er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá en gagnlegt væri að birta í starfsáætlun tímafjöldi einstakra greina til að tryggja samræmi við viðmiðunarstundaskrá og til upplýsinga fyrir foreldra um hvernig fyrirkomulagið á skiptingunni er. Ekkert mælir gegn því að námsgreinar séu tekin fyrir á á mismunandi tímum og samþættar öðrum greinum eins og gert er í Breiðagerðisskóla en tækifæri liggja í því að brjóta enn frekar upp kennslustundir eins og hringekjutíma og vinna að heildstæðum eða samþættum verkefnum með bekkjum í árgangi eða milli árganga. Gagnlegt væri að leggja meiri áherslu á samþættingu greina í stefnu skólans og vinna markvisst að innleiðingu.

Birta ætti helstu áætlanir á aðgengilegan hátt á heimasíðu, s.s. eineltisáætlun, áætlun um móttöku nýrra nemenda, nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku. Gera mætti skólareglur sýnilegri á göngum og í skólastofum og æskilegt væri að nemendur tækju þátt í að endurskoða þær.

Æskilegt væri að í forvarnaráætlun kæmi fram hver ber ábyrgð á að markmiðum sé náð og hver tímaramminn er. Kynna ætti heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur í skóla án aðgreiningar betur fyrir starfsfólki í sérkennslu og gera áætlunina aðgengilega, t.d. á heimasíðu. Gera ætti sérstaka áætlun um móttöku nýrra nemenda og birta á heimasíðu eða í Boðbera.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ, FORELDRAFÉLAG, ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

STYRKLEIKAR

Skólaráð fundar reglulega og fundargerðir þess eru birtar á heimasíðu skólans. Fulltrúar nemenda í skólaráði eru boðaðir á alla fundi ráðsins og nemendur telja sig geta haft áhrif og að hlustað sé á þá í skólaráði, samkvæmt rýnihópi nemenda í nemendafélaginu.

Foreldrafélag starfar við skólann og stendur reglulega fyrir ýmsum viðburðum. Foreldrafélagið er í samstarfi við önnur foreldrafélög í hverfinu og hefur m.a. staðið fyrir sameiginlegum fræðslukvöldum fyrir foreldra.

Í foreldrakönnun kom fram að 91% foreldra sem tóku þátt í henni, eru á heildina litið ánægðir með skólann, þeir telja sig hafa tækifæri til að fylgjast með námi barna sinni og séu velkomnir í skólann. Góð mæting er hjá foreldrum á viðburði í skólanum.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Æskilegt væri að skólaráð tæki þátt í að endurskoða skólareglur með öðrum hagsmunaaðilum skólans. Skoða ætti einnig hvernig leita mætti með markvissum hætti eftir hugmyndum foreldra um skólastarfið og birta ætti helstu upplýsingar um skólastarfið á fleiri tungumálum en íslensku á heimasíðu.

NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Breiðagerðisskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.⁴

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI, KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU, NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

Vinna við endurskoðun skólanámskrár er komin vel af stað. Námsvísar fyrir skólaárið 2015-2016 eru birtir á heimasíðu sem árganganámskrár fyrir alla bekk, efnispættir eru tilgreindir auk meginmarkmiða og leiðir að markmiðum. Í áætlunum námsgreina inn á Mentor eru hæfniviðmið tilgreind með vel útfærðum matskvörðum. Samfella er í námi nemenda og árganganámskrár sýna stigvaxandi kröfur. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir samstarfi um nám milli skólastigi.

Árangur nemenda í Breiðagerðisskóla í samræmdum prófum hefur oftast verið yfir meðaltali árin 2009-2015 og hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt lesskimun í 2. bekk í Breiðagerðisskóla hefur verið um eða yfir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu ár. Hlutfall nemenda sem eingöngu þurfa að fara í gegnum 1. þrep í stærðfræðiskimun í Talnalykli var töluvert langt yfir meðaltali skóla í Reykjavík árin 2013 og 2014.

Í nemendakönnun kom fram að þeir eru ánægðir með aðstoð og leiðbeiningar kennara og í foreldrakönnun kom fram að þeir voru sammála því að heimanámið hafi skýr markmið og sé vel skipulagt. Upplýsingar um heimanám er aðgengilegar nemendum og foreldrum í Mentor.

Nemendur eru almennt ánægðir með nám sitt og 71% þeirra sem tóku þátt í nemendakönnun finnst gaman að læra í skólanum. 92% þátttakenda í nemendakönnun voru sammála því að kennarar hvetji þá til að gera sitt besta og 95% þátttakenda í nemendakönnun töldu að þeim gengi vel í náminu. Á heimasíðu eru tilkynningar og fréttir reglulega uppfærðar.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Vekja mætti meiri athygli á fjölbreyttu skólastarfi og þátttöku einstaklinga í keppnum innan sem utan skólans, m.a. á heimasíðu. Lagt er til að Breiðagerðisskóli tryggji að skoðað sé markvisst hvaða nemendur þurfi sérstakan stuðning í stærðfræði, með könnun Talnalykils eða á annan hátt.

Hæfniviðmið og matskvarða ætti að birta á heimasíðu. Auka mætti fjölbreytni í kennsluháttum og val nemenda um útfærslu á verkefnum, markvisst samstarf nemenda, áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun. Mikilvægt er að kennarar hafi innlögn til að nemendum sé ávalt ljóst hver tilgangur kennslustundarinnar er og leggja ætti meiri áherslu á að kynna nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur í stað markmiða um afköst.

⁴ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

Bæta þarf tölvukost skólans og efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu og breyta ætti námsaðstöðu í smíða- og textílrymi þannig að þau verði aðgreind.

Leita þarf leiða til að bæta vellíðan og auka sjálfstraust nemenda.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur telja langflestir að kennarar hlusti á þá og veiti því athygli sem þeir segja og stjórnendur segja að nemendur hafa rödd og komið sé til móts við þá.

Markmið námsgreina skv. aðalnámskrá eru birt í áætlunum í Mentor þar sem viðmið um árangur eru sett fram fyrir hverja námsgrein. Foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sem eru með einstaklingsnámskrá og í foreldrakönnun sögðust 94% svarenda hafa tekið þátt í að setja barni sínu markmið í námi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Móta þarf og skilgreina leiðir fyrir nemendur til að koma ábendingum á framfæri varðandi skólastarfið og gera ætti fundargerðir nemendafélagsins aðgengilegar öllum nemendum. Leita leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og að vinna samkvæmt þeim. Tryggja að markmið kennslustunda séu nemendum ljós, svo og viðmið um árangur. Skoða hvernig nemendur geta tekið meiri þátt í að meta árangur sinn í námi m.a. með sjálfsmati eða jafningamat.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: MENNING OG VIÐHORF, NÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI, STARFSHÆTTIR

STYRKLEIKAR

Skólabragurinn einkennist almennt af viðurkenningu, sanngirni og virðingu. Heildaráætlun um skipulag sértæks stuðnings við nemendur hefur verið gerð og greinargóðar upplýsingar eru um stoðþjónustu skólans á heimasíðu hans. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og þær eru bornar undir foreldra. Gerð er grein fyrir markmiðum og leiðum í einstaklingsnámskrám og fram koma upplýsingar um styrkleika og veikleika nemandans. Einstaklingsnámskráin er endurskoðuð reglulega á teymisfundum.

Vel er haldið utan um skipulag og ýmis gögn er varðar stuðning og sérkennslu nemenda. Stuðningur er að jafnaði veittur inni í bekk og kennarar segja auðvelt að fá ráðgjöf hjá samstarfsaðilum og frá þjónustumiðstöð. Mikil ánægja er með samstarf og samvinnu innan sérkennsluteymis en samvinna kennara byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku varðandi útfærslu og lausnir. Samstarf kennara gengur vel og samvinna og teymisvinna er áberandi meðal kennara í árgangi.

Á heimasíðu Breiðagerðisskóla eru birtar móttökuáætlanir fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, móttökuáætlun nemenda með sérþarfir og móttöku nýrra nemenda.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans og með forystu skólastjórnenda.

Æskilegt væri að hafa myndrænar stundatöflur á báðum stigum, m.a. með tilliti til barna af erlendum uppruna. Leita ætti leiða til að efla tengingu nemenda með annað móðurmál en íslensku við aðra nemendur og tryggja þarf að námsefni sé aðlagð fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Einstaklingsnámskrár þarf að vinna enn ítarlegar og tilgreina hver áhugamál nemandans eru ásamt áherslum og væntingum foreldra. Tengja þarf einstaklingsnámskrár við bekkjarnámskrá eða aðalnámskrá til að draga fram samhengið milli markmiða, leiða, náms og kennsluáferða. Mikilvægt er að sérkennsluteymið fundi reglulega og markvisst. Hafa námsmat reglulega yfir skólaárið og endurskoða markmiða einstaklingsnámskrár.

Gagnlegt væri að hafa móttökuáætlanirnar aðgengilegar með sér tengli á heimasíðu skólans.

Við matið voru 32 kennslustundir heimsóttar og merktu matsmenn við hvaða kennsluaðferðir voru notaðar í stundunum en í flestum tilfellum var merkt við fleiri en eina kennsluaðferð. Verkefnavinna var í 81% kennslustunda, innlögn var í 56%, sköpun og tjáning var í 22% kennslustunda, þar af voru 15% kennslustunda heimsókn í verk- og listgreinar. Sjálfstæð vinna nemenda var í 22% kennslustund og markviss samvinna í 9% kennslustunda. Innlögn kennara var í rúmum helmingi kennslustunda, en mikilvægt er að huga vel að því að nemendum sé ljóst hvert markmið kennslustundarinnar er sem og viðmið um árangur. Markviss samvinna nemenda var aðeins 9% og þar eru m.a. tækifæri fyrir skólann til að efla sig enn frekar.

Tafla 3: Kennsluaðferðir notaðar í 32 kennslustundum í Breiðagerðisskóla.

Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	26	81%
Innlögn	18	56%
Sköpun og tjáning	7	22%
Sjálfstæð vinna / eigið val	7	22%
Þemavinna	4	13%
Verklegt	4	13%
Markviss samvinna	3	9%
	69	216%

Þegar val á verkefnum voru skoðuð í kennslustundum kom í ljós að í 78% kennslustunda ákvað kennarinn verkefni, nemandinn valdi verkefnið í 6% kennslustunda og í 16% kennslustunda ákváðu bæði kennari og nemandi verkefnið.

Tafla 4: Val á verkefnum í 32 kennslustundum í Breiðagerðisskóla.


Val á verkefnum		
	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður verkefni	25	78%
Nemendur velja verkefni	2	6%
Bæði kennari og nemendur ákveða	5	16%
Samtals	32	100%

Útfærsla verkefna var ákveðin af kennara í 63% kennslustunda sem heimsóttar voru, í 19% kennslustunda höfðu nemendur val um útfærslu og í 19% kennslustunda höfðu bæði kennari og nemandi val um útfærslu. Tækifæri liggja í því að auka val nemenda á útfærslu verkefna enn frekar.

Tafla 5: Val á útfærslu í 32 kennslustundum í Breiðagerðisskóla.

Val á útfærslu		
	Fjöldi	Hlutfall
Nemendur hafa val um útfærslu	6	19%
Kennari val um útfærslu	20	63%
Bæði kennari og nem val um útfærslu	6	19%
Samtals	32	100%

Í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru var meiri áhersla á einstaklingsvinnu en markvissa samvinnu, enda þó hún sé til staðar. Einstaklingsvinna var í 66% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru, blanda af einstaklings- og samvinnu var í 22% kennslustunda og í 13% kennslustunda voru nemendur að vinna saman. Tækifæri liggja í því að auka markvissa samvinnu enn frekar í skólanum.




Mynd 1: Vinna í 32 kennslustundum, einstaklingsvinna eða samvinna.

Í vettvangsskoðun voru 78% kennslustunda metnar góðar eða frábærar, 19% þyrfti að bæta og ein kennslustund var ekki metin.

Tafla 6: Mat á 32 kennslustundum í Breiðagerðisskóla.

Mat á kennslustundum		
	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	3	9%
Góð	22	69%
þarf að bæta	6	19%
Ekki metið	1	3%
Samtals	32	100%

Þegar skoðað var hvort kennarar gerðu nemendum grein fyrir markmiðum í kennslustundum sem heimsóttar voru, kom í ljós að í 22% kennslustundanna voru markmiðin kynnt nemendum, í 75% kennslustunda var það hins vegar ekki gert og í 3% kennslustunda átti það ekki við. Mikil sóknarfæri eru fyrir kennara að efla þennan þátt og kynna markvisst hver markmið kennslustundanna eru og gera sýnileg fyrir nemendum.



Mynd 2: Voru markmið kennslustundarinnar kynnt fyrir nemendum?

Stjórnun			Nám og kennsla		
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Pátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreiningar
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Menning og viðhorf
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Pátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsingamiðlun og samskipti
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund		Starfshættir

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt** sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt** gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult** þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og **rautt** að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítill þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjastjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítill áhersla er á mat og endurgjöf.